

Enska 9. bekkur

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir; Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

| 9

Markmið:

Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn ritun og menningarläsi.

Að nemendur:

- geti skilið meginefni þegar nokkrir tala saman
- geti skilið hlustunarefni sér til fróðleiks
- þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða
- geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta
- þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við texta
- geti notað ensku til samskipta í skólastofunni
- geti notað ensku á lipran hátt í persónulegum samskiptum
- geti skrifað skiljanlega, skipulega og viðeigandi samfelldan texta á nokkuð réttu máli
- þjálfist í að vinna með orðaforða í ritunarverkefnum; þjálfist í að nota snara.is
- þjálfist í að beita málnotkunarreglum í ritun

Námsefni:

Spotlight 9, lesbók, vinnubók, kjörbækur, lesefni og myndbönd.

Lesefni: Romeo and Juliet og kjörbók

Myndbönd: Juno, Romeo and Juliet, Christmas Vacation og World World Wide English.

Kennsluaðferðir:

Kennslustundir: 4 tímar á viku.

Nemendur vinna bæði einstaklingsverkefni og í samvinnu með öðrum (paravinnu og hópavinnu). Þeir vinna verkefni samkvæmt Spotlight 9 og einnig ýmis verkefni að eigin vali.

Ágúst og september

Spotlight 9 Workbook planning sheet bls. 4 - 5

Spotlight 9 Unit 1 Lesbók og vinnubók *All you need is love*

Spotlight 9 Málfræði, verkefni 13 – 5 – 8

Juno kvikmynd og verkefni

Skyndipróf

Október

Spotlight 9 Workbook planning sheet bls. 26 - 27

Spotlight 9 Unit 2 Lesbók og vinnubók *Canada is Gigantic*

Spotlight 9 Málfræði, verkefni 3 – 10

World Wide English Canada

Verkefni um Kanada

Nóvember

Spotlight 9 Unit 3 Workbook planning sheet bls.46 - 47

Spotlight 9 Unit 3 Fantasy and Myth

Spotlight 9 Málfræði 1 – 12

Skyndipróf; Test 5

Desember

Spotlight 9 Unit 4 Workbook planning sheet bls. 66 - 67

Spotlight 9 Unit 4 New York, Ne

w York

Spotlight 9 Unit 4 Málfræði 4 - 2

Jólamynd í desember: Christmas Vacation

Lestur: Kjörbók

Skyndipróf Test 4

Janúar

Spotlight 9 Unit 5 Workbook planning sheet bls. 82-83

Spotlight 9 Unit 5 Different Perspectives

Spotlight 9 Unit 5 Málfræði 6-7

Lestur: Romeo and Juliet og myndin sýnd

Skyndipróf Test 5

Febrúar og mars

Spotlight 9 Unit 6 Workbook planning sheet bls. 102-103

Spotlight 9 Unit 6 Asia

Spotlight 9 Unit 6 Málfræði 9 og 14

Sagnapróf; óreglulegar sagnir (sjá Google Classroom)

Undirbúningur fyrir samræmd próf

Skyndipróf Test 6

Apríl og maí

Áhugasviðsverkefni nemenda (3-4 verkefni)

Samvinnuverkefni enska og danska

Námsmat:

Gefið í bókstöfum A, B+, B, C+, C og D.

Námsmat byggist á símati yfir veturinn, verkefnavinnu og prófum.

Enska við lok 3.stigs - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

G.Í. Enska 9. bekkur - Hlustun - Við lok 3. stigs getur nemandi:

fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæður þegar

framsetning er áheyrileg

- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr

G.Í. Enska 9. bekkur - Lesskilningur - Við lok 2. stigs getur nemandi: lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum

um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi

lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.

- lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög

G.Í. Enska 9. bekkur - Lesskilningur - Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi: lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af

ýmsum toga með nokkuð fjölpættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og

tilgangi með lestrinum

- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt

G.Í. Enska 9. bekkur - Samskipti - Við lok 3. stigs getur nemandi:

sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisi-og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða

- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í

G.Í. Enska 9. bekkur - Frásögn - Við lok 2. stigs getur nemandi: tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt

tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur,

hrynjandi og orðaval

- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum

G.Í. Enska 9. bekkur - Ritun - 2.stig

Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og

stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unni

hefur verið með, skaða samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og

greinarmerki.

- lýst atburðarrás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

G.Í. Enska 9. bekkur - Menningarläsi - 3.stig:

Sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir

sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum

- Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma

G.Í. Enska 9. bekkur - Náms hæfni - 3. stig:

Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframavindu

- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Tjáning og miðlun

- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika.

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.

Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.